

Ár 2012, þriðjudaginn 5. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör umboðsmanns skuldara

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breytingu á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 100/2010 um umboðsmann skuldara ákveður kjararáð laun og starfskjör umboðsmanns skuldara.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 19. október 2011 frá umboðsmanni skuldara þar sem þess er farið á leit að kjararáð ákvarði að nýju launakjör hans. Með ákvörðun 21. september 2010 hefði kjararáð ákveðið laun umboðsmanns skuldara og hefði sú ákvörðun meðal annars tekið mið af áætlun um umfang starfa hans. Frá þeim tíma hefði umfang starfa umboðsmanns aukist mjög og væri stofnunin mun stærri en áætlað hefði verið. Starfsmönnum hefði fjölgað mikið og rekstrarkostnaður væri umtalsvert meiri en gert hefði verið ráð fyrir. Umboðsmanni hefðu einnig verið falin fleiri verkefni. Mætti þar nefna að með reglugerð nr. 178/2011 hefði honum verið falið eftirlitshlutverk með útreikningum fjármálafyrirtækja á gengislánum. Með bréfinu fylgdi skipurit ásamt drögum að nýju skipuriti. Einnig fylgdu rekstrarátlanir fyrir árin 2011 og 2012.

Með bréfum dagsettum 1. nóvember 2011 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti og velferðarráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis umboðsmanns skuldara, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármálaráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 21. nóvember 2011. Í bréfinu sagði að fjármálaráðuneytinu væri ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi umboðsmanns skuldara hefði breyst eða aukist frá því kjararáð úrskurðaði síðast um laun hans að öðru leyti en því sem fram komi í bréfi hans. Í svari velferðarráðuneytisins dagsettu 7. febrúar 2012 er staðfest að starf umboðsmanns hafi vaxið að umfangi frá því embættið var stofnað 1. ágúst 2010. Árlegur rekstrarkostnaður embættisins á árinu 2012 væri áætlaður 1.050 milljónir króna en í upphafi hefði sá kostnaður verið áætlaður 680 milljónir króna á ársgrundvelli. Í bréfinu segir einnig að velferðarráðuneytið telji mikilvægt að umboðsmaður skuldara njóti sambærilegra launa og aðrir forstöðumenn sem undir kjararáð heyra að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar sem störfunum fylgi.

Með bréfi dagsettu 13. febrúar 2012 fékk umboðsmaður skuldara send svör ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra.

III.

Umboðsmaður skuldara starfar samkvæmt lögum nr. 100/2010 með síðari breytingum. Í 1. gr. laganna segir að embættið sé ríkisstofnun sem umboðsmaður skuldara veiti forstöðu. Stofnunin skal gæta hagsmuna og réttinda skuldara. Hlutverk umboðsmanns skuldara er að veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum endurgjaldslausu aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar; hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi; veita atbeina til tilrauna til samninga um greiðsluáðlögun; útbúa framfærsluviðmið og uppfæra það reglulega; taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds; gæta hagsmuna skuldara og veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál

heimilanna. Ráðherra skipar umboðsmann skuldara til fimm ára í senn og fer hann með forstöðu stofnunarinnar og ber faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri hennar. Hann skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu af málefnum á starfsviði stofnunarinnar. Umboðsmaður skuldara stjórnar starfsemi og rekstri og ræður aðra starfsmenn. Honum er heimilt að gera þjónustusamning við utanaðkomandi aðila um vinnslu mála fyrir stofnunina. Ákvörðunum umboðsmanns verður ekki skotið til æðra stjórnvalds nema sérstaklega sé mælt fyrir um það í lögum.

Umboðsmaður skuldara getur krafist stjórnvöld um allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til þess að hann geti sinnt hlutverki sínu, jafnvel þótt lög mæli fyrir um þagnarskyldu stjórnvalds. Með sama hætti er fyrirtækjum og samtökum skylt að veita umboðsmanni skuldara allar upplýsingar sem að mati hans eru nauðsynlegar til þess að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Lánastofnanir skulu standa straum af kostnaði við rekstur embættisins með greiðslu sérstaks gjalds sem stofnunin innheimtir.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Embætti umboðsmanns skuldara tók til starfa hinn 1. ágúst 2010 og ákvað kjararáð umboðsmanni skuldara laun hinn 21. september 2010. Við þá ákvörðun var tekið mið af áætluðu umfangi stofnunarinnar, auk þess sem tekið var tillit til þess að um viðkvæm og erfið úrlausnarefni er að ræða. Jafnframt var höfð hliðsjón af launum umboðsmanns barna, forstjóra Barnaverndarstofu, talsmanns neytenda og forstjóra Neytendastofu. Umfang og umsvif embættis umboðsmanns skuldara hafa aukist verulega frá því embættið tók til starfa og gefur það tilefni til breytinga á launum umboðsmanns skuldara nú.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör umboðsmanns skuldara skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. nóvember 2011 skulu mánaðarlaun umboðsmanns skuldara vera samkvæmt launaflokk 502-134, krónur 691.977 frá 1. nóvember 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 716.196 frá 1. mars 2012. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 502-132, krónur 6.473 frá 1. nóvember 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 6.700 frá 1. mars 2012. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör umboðsmanns skuldara gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson